

Mánudaginn 17. janúar 1955.

Nr. 4/1955.

Magnús Thorlacius

gegn

Ákærvaldinu og Sigurði Sigurðssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Kærumál. Um heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Stefán Guðjohnsen, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. janúar 1955, sem hingað barst 10. s.m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í sakadómi Reykjavíkur 4. janúar 1955, en með úrskurði þessum ákvað dómari, að vitnið Sigurður Sigurðsson skuli samkvæmt 100. gr. laga nr. 27/1951 vinna fyrir fram eið að vætti, sem hann skal bera um árekstur bílanna R 3836 og R 1875, en Magnús Thorlacius er eigandi R 1875 og ók honum, er áreksturinn varð. Krefst Magnús Thorlacius þess, að úrskurðinum verði breytt.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki réttarrannsókn þá, sem veitti tilefni til vættisburðar vitnisins Sigurðar Sigurðssonar, né atvik þau, sem Sigurði er ætlað að bera vætti um. Eigi er heldur getið mótmæla, sem leiddu til uppsögu úrskurðarins. Héraðsdómari hefur því eigi gætt fyrirmæla 164. gr. laga nr. 27/1951. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins verður að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað, enda þótt úrskurðurinn sé að efni réttur, krafan um úrskurð tilefnislaus og kærán til Hæstaréttar víta-verð. Krafa um kærumálskostnað hefur eigi verið gerð, og verður hann því eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. janúar 1955.

Dómarinn vísar til forsendna ókærðs úrskurðar hér að framan um það, að eiðvinning vitnis skuli fram fara fyrir fram, þar sem ekkert sé fram komið, er geri eiðvinningu vitnisins varhugaverða, og lítur svo á, að 101. gr. laga nr. 27/1951 sé því ekki heldur til fyrirstöðu.

Því úrskurðast:

Eiðfesting vitnisins Sigurðar Sigurðssonar skal fara fram samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Miðvikudaginn 19. janúar 1955.

Nr. 163/1953. **Davíð Jóhannesson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Halldóri Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Línal prófessor.

Um eignarrétt að geymsluherbergi.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Davíð Jóhannesson kaupmaður, hér í bæ, er orðinn eigandi 1. hæðar hússins nr. 34 við Víðimel ásamt húsrými því í kjallara, er hæðinni á að fylgja. Hefur Davíð því tekið við aðild málsins í stað Önnu Jónsdóttur, er hafði skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að fá áfrýjanda umráð geymslu þeirrar, sem hefur glugga móti austri og merkt er rauðum útlínum á héraðsdómsskjali 3, gegn því að stefndi fái í sinn hlut geymslu þá undir stiga, sem mörkuð er bláum útlínum á sama dómsskjali. Þá krefst